

Reykjanesbær
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 10. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0064
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar.

Vísað er í tölvubréf frá Reykjanesbæ sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 25. Mars 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Breytingin varðar stækkun á landnotkunarreit M12. Stefnt er að töluverðri uppbyggingu m.a á íbúðabyggð og er áætluð aukning á heildarbyggingarmagni um 100.000 m².

Um svæði er að ræða sem er í jaðri þéttbýlis. Stefnt er að því að leggja mat á gróðurfar, fuglalíf og jarðminjar. Náttúrufræðistofnun telur heppilegast að gera athuganir á vettvangi og sérstaklega er mikilvægt að leggja mat á þéttleika fuglavarps en máfategundir sem og mófuglar hafa nýtt svæðið og nálægt svæði til varps og meta þarf stöðu þess og umfang.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

